

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 636/1980, um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

C. og d. liðir 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

- c. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á.

Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km kr.
4,0— 4,9	0,39	15,0—15,9	0,70
5,0— 5,9	0,42	16,0—16,9	0,74
6,0— 6,9	0,45	17,0—17,9	0,77
7,0— 7,9	0,47	18,0—18,9	0,81
8,0— 8,9	0,50	19,0—19,9	0,85
9,0— 9,9	0,52	20,0—20,9	0,88
10,0—10,9	0,55	21,0—21,9	0,92
11,0—11,9	0,57	22,0—22,9	0,96
12,0—12,9	0,60	23,0—23,9	0,99
13,0—13,9	0,63	24,0—24,9	1,02
14,0—14,9	0,66	25,0—25,9	1,07

Af fólksflutningabifreiðum 17 farþega og fleiri, sem rétt hafa til sérleyfis- eða hópferðaaksturs, skal greiða 33% lægri þungaskatt en að ofan greinir.

- d. Eigendur bifreiða er um getur í a- og b-liðum þessarar greinar geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera 0,39 kr. Greiða skal 1/12 hluta gjaldsins skv. a- eða b-lið þessarar greinar, eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin við- hlitandi öikumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athuga- semdadálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt sam- kvæmt öikumæli eða fast árgjald.

Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt öikumælis- búnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að öikumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, og lögum nr. 78 31. desember 1977 um breytingu á þeim lögum. Reglugerðin öðlast gildi 10. júní 1981. Hafi ekki verið komið með bifreið til álestrar vegna 2. álestrartímabils 1980 (10. febrúar til 10. júní) á réttum tíma, skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri, sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 2. álestrartímabils, skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 4. júní 1981.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Árni Kolbeinsson.

9. júní 1981.

Nr. 268.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla m. a. af fæðu sérstaklega tilreiddri fyrir ungbörn.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður toll af fæðu sem flokkast í tollskrárnúmer 20.02.04, 20.02.05, 20.02.09 og 20.06.20, enda sé hún sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, svo og 2. tl. 1. gr. laga nr. 31 26. maí 1981 um breytingu á þeim lögum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1981.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Sigurgeir A. Jónsson.